

Laugardaginn 18. apríl 1959.

Nr. 144/1958. **Ákærvaldið** (Rannveig Þorsteinsdóttir hrl.)

gegn

Herði Ólafssyni (Ragnar Jónsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árne Tryggvason, Gizur Bergsteinsson,
Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór
B. Línadal.

Okur.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt vaxtareikningum löggilts endurskoðanda hefur ákærði áskilið sér í vexti af víxillánum kr. 47.905,60 umfram lögleyfða 8% ársvexti, og eins og saksókn er háttað, ber að leggja vaxtareikninga þessa til grundvallar, enda er þá eigi á ákærða hallað. Verður því samkvæmt 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933 að dæma ákærða kr. 191.625,00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektarinnar, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 5.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Ólafsson, greiði kr. 191.625,00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektarinnar, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir

Hæstarétti, Rannveigar Þorsteinsdóttur og Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 5.000,00 til hvors.
Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. júní 1958.

Ár 1958, fimmtudaginn 19. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Frikirkjuvegi 11 af Valdimar Stefánssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2871/1958: Ákæruvaldið gegn Herði Ólafssyni, sem tekið var til dóms hinn sama dag.

Ákærður er Hörður Ólafsson héraðsdómslögmaður, Smiðjustíg 4 hér í bæ, fyrir að hafa, svo sem í ákæruskjali segir:

„I. Seint á árinu 1953 eða snemma á árinu 1954 keypt af Gunnari Hall kaupmanni, Víðimel 64 hér í bæ, þáverandi prókúruhafa og framkvæmdastjóra fyrirtækisins Ragnars Blöndals h/f hér í bæ, þriggja mánaða víxil, að fjárhæð allt að kr. 20.000,00, samþykktan af Gunnari Hall f. h. nefnds fyrirtækis, en út gefinn og ábektan af honum persónulega, gegn allt að 3% vöxtum af víxilfjárhæðinni á mánuði, en ákærða var kunnugt um, að Gunnar var að taka lán þetta til vörukaupa fyrir nefnt fyrirtæki.

Að því er greint brot varðar, er málið til vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa keypt nefndan víxil, eins og að framan getur, gegn 10% vöxtum af víxilfjárhæðinni í 3 mánuði og 2% af henni í þóknun.

II. Á árinu 1954 keypt af Gunnari Hall, þáverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa greinds fyrirtækis, eftirtalda tíu víxla, samtals að fjárhæð kr. 234.528,00, sem allir voru til þriggja mánaða, samþykkt af Gunnari Hall f. h. Ragnars Blöndals h/f, en út gefna og framselda af Gunnari persónulega, gegn 3% mánaðarvöxtum af hverri einstakri víxilfjárhæð, en ákærða var ljóst, að hann tók lán þessi til vörukaupa fyrir nefnt fyrirtæki:

- 1) Víxill, út gefinn 21. febr. 1954 með gjalddaga 21. maí s. á., að fjárhæð kr. 40.000,00.
- 2) Víxill, út gefinn 27. marz 1954 með gjalddaga 27. júní s. á., að fjárhæð kr. 10.000,00.
- 3) Víxill, út gefinn 27. marz 1954 með gjalddaga 27. júní s. á., að fjárhæð kr. 10.000,00.

- 4) Víxill, út gefinn 29. marz 1954 með gjalddaga 29. júní s. á., að fjárhæð kr. 12.000,00.
- 5) Víxill, út gefinn 8. apríl 1954 með gjalddaga 8. júlí s. á., að fjárhæð kr. 12.528,00.
- 6) Víxill, út gefinn 1. júní 1954 með gjalddaga 1. sept. s. á., að fjárhæð kr. 20.000,00.
- 7) Víxill, út gefinn 1. júní 1954 með gjalddaga 1. sept. s. á., að fjárhæð kr. 20.000,00.
- 8) Víxill, út gefinn 3. júní 1954 með gjalddaga 3. sept. s. á., að fjárhæð kr. 20.000,00.
- 9) Víxill, út gefinn 2. júlí 1954 með gjalddaga 2. okt. s. á., að fjárhæð kr. 50.000,00.
- 10) Víxill, út gefinn 23. ágúst 1954 með gjalddaga 23. nóv. s. á., að fjárhæð kr. 40.000,00.

Að því er varðar framangreint brot, sem getur undir II., 1—10, er málið til vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa á árinu 1954 keypt af Gunnari Hall, páverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa Ragnars Blöndals h/f, þá tíu víxla, er þar greinir, gegn 12% vöxtum (afföllum) af hverri einstakri víxilfjárhæð miðað við 3 mánuði.

III. Á árinu 1954 keypt af Gunnari Hall, páverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa Ragnars Blöndals h/f, eftirtalda tíu víxla, samtals að fjárhæð kr. 234.528,00, sem allir voru til þriggja mánaða, samþykkt af Gunnari Hall f. h. Ragnars Blöndals h/f, en út gefna og framselda af Gunnari persónulega, eða tekið þá sem greiðslu (framlengingu) á öðrum víxlum sömu fjárhæða gegn 3% mánaðarvöxtum af hverri einstakri víxilfjárhæð, en ákærða var ljóst, að Gunnar Hall tók eða hafði tekið lán þessi til vörukaupa fyrir nefnt fyrirtæki:

- 1) Víxill, út gefinn 27. júní 1954 með gjalddaga 27. sept. s. á., að fjárhæð kr. 10.000,00.
- 2) Víxill, út gefinn 27. júní 1954 með gjalddaga 27. sept. s. á., að fjárhæð kr. 10.000,00.
- 3) Víxill, út gefinn 29. júní 1954 með gjalddaga 29. sept. s. á., að fjárhæð kr. 12.000,00.
- 4) Víxill, út gefinn 8. júlí 1954 með gjalddaga 8. okt. s. á., að fjárhæð kr. 12.528,00.
- 5) Víxill, út gefinn 21. ágúst 1954 með gjalddaga 21. nóv. s. á., að fjárhæð kr. 40.000,00.
- 6) Víxill, út gefinn 1. sept. 1954 með gjalddaga 1. des. s. á., að fjárhæð kr. 20.000,00.

- 7) Víxill, út gefinn 1. sept. 1954 með gjalddaga 1. des. s. á., að fjárhæð kr. 20.000,00.
- 8) Víxill, út gefinn 3. sept. 1954 með gjalddaga 3. des. s. á., að fjárhæð kr. 20.000,00.
- 9) Víxill, út gefinn 2. okt. 1954 með gjalddaga 2. jan. 1955, að fjárhæð kr. 50.000,00.
- 10) Víxill, út gefinn 23. nóv. 1954 með gjalddaga 23. febr. 1955, að fjárhæð kr. 40.000,00.

Að því er varðar framangreind brot, sem getur undir III., 1—10, er málið til vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa á árinu 1954 keypt af Gunnari Hall, þáverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa Ragnars Blöndals h/f, þá tíu víxla, er þar greinir, eða tekið þá sem greiðslu (framlengingu) á öðrum víxlum sömu fjárhæða gegn 12% vöxtum (afföllum) af hverri einstakri víxilfjárhæð miðað við þrjá mánuði.

IV. Fyrri hluta árs 1955 við skuldaskil nefnds fyrirtækis, Ragnars Blöndals h/f, — en af skuldum þess voru almennt greidd 60% og því gefið eftir af þeim 40%, — tekið í innheimtulaun af víxlum þeim, sem greinir undir III., 1—10, að framan og ákærði átti sjálfur, kr. 5.996,50.

Framangreind brot, sem getur undir I.—IV. og öll voru fram- in hér í bæ, eru í ákæruskjali talin varða við 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði er kominn yfir lögdaldur sakamanna, fæddur 12. september 1921 á Ísafirði.

Á árunum 1947 og 1948 sætti hann þrisvar áminningu fyrir ólöglegt bifreiðarstæði og á síðara árinu hlaut hann 50 kr. sekt fyrir sams konar brot. Aðrar refsingar, sem hann hefur hlotið, eru þessar:

1950 4/10 300 kr. sekt fyrir gjaldeyrisbrot.

1951 23/7 75 kr. sekt fyrir lögreglusamþykktarbrot.

1955 23/2 75 kr. sekt fyrir of hraðan bifreiðarakstur.

1955 30/8 50 kr. sekt fyrir sams konar brot.

1956 24/1 Dómur, 2.500,00 kr. sekt og 6 mánaða ökuleyfis- svipting fyrir brot gegn áfl., bifrl. og umfl.

Á árunum 1943 til 1955 rak Ragnar Blöndal h/f vefnaðar- vöruverzlun í Austurstræti 10 hér í bæ, og var Gunnar Hall, Víðimel 64, framkvæmdastjóri félagsins og meðeigandi í því. Um áramótin 1954—1955 var félagið komið í slíkar fjárkrögg-

ur, að það hætti verzlunarrekstrinum á öndverðu ári 1955. Hinn 26. febrúar þess árs lét Gunnar Hall af framkvæmdastjóra-störfum og afsalaði hlutafjäreign sinni og konu sinnar í hendur frú Ilse Blöndal og barna hennar, en hún var formaður félagsstjórnarinnar. Að tilmælum Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands og með samþykki Gunnars Hall, páverandi framkvæmdastjóra félagsins, tók Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður að sér að rannsaka hag fyrirtækisins og leggja niðurstöðu sína fyrir bankana.

Við athugun kom í ljós, að skuldir félagsins námu um 14 milljónum króna.

Eignir félagsins voru seldar, og með samningum við skuldheimtumenn voru 60 hundraðshlutar skuldanna teknir sem fullnaðargreiðsla þeirra. Annaðist hæstaréttarlögmaðurinn samninga þessara og innti greiðslur af hendi.

Í rannsókn málsins skýrði framkvæmdastjórinn svo frá, að á árunum 1953 og 1954 hefði hann lagt kapp á að birgja verzlunina að vörum, og samþykkti hann fyrir félagsins hönd víxla fyrir andvirði hinna keyptu vara, og námu þeir að hans sögn geysimiklum upphæðum samtals. Þegar að skuldadögum kom, skorti félagið fé til greiðslna, og leiddi þetta meðal annars til þess, að framkvæmdastjórinn leitaði eftir lánsfé utan lánastofnana. Sú viðleitni bar þann árangur, að honum tókst að selja ýmsum einstaklingum allmikið af víxlum, sem félagið hafði samþykkt, og heldur hann því fram, að hann hafi orðið að sæta háum afföllum af víxlum þessum, þ. e. a. s., að vextir víxillána þessara hafi farið langt fram úr því, sem heimilt sé. Einn þeirra, sem hér eiga hlut að máli, er ákærði, og heldur Gunnar Hall því fram, að afföllin af víxlum þeim, sem hann keypti, hafi verið 3% á mánuði eða þar um bil. Kveðst hann ekki muna það nákvæmlega.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að seint á árinu 1953 eða snemma á árinu 1954 hafi einhver, sem hann man ekki, hver var, falið sér innheimtu 10 þúsund króna víxils á Ragnar Blöndal h/f. Þegar Gunnar Hall greiddi víxilinn, áttu þeir nokkurt tal saman. Gunnar tjáði ákærða, að sig skorti rekstrarfé, bankarnir lánuðu sér ekki svo sem hann hefði þörf á, og fór hann fram á, að ákærði útvegaði sér lán, ef hann gæti. Ákærði innti hann eftir því, hve mikið fé hann þyrfti og hvaða afföll hann gæti sætt sig við, og heldur hann því fram, að Gunnar hafi stungið upp á 12% á þriggja mánaða víxli. En hvor þeirra, sem stungið

hefur upp á þessum kjörum, þá varð það að samkomulagi þeirra, að þessi yrðu kjörin. Vissi Gunnar ekki um neina skiptingu endurgjaldsins, en ákærði kveðst hafa talið afföllin vera 10% á þremur mánuðum, en 2% lántökugjald. Er ágreiningslaust, að töluverð viðskipti urðu milli ákærða og Gunnars með þessum kjörum. Ákærði var kaupandi allra víxlanna, sem voru til þriggja mánaða, samþykktir af Ragnari Blöndal h/f og út gefnir og framseldir af Gunnari Hall sjálfum. Aldrei kom það fyrir, svo að ákærði muni, að Gunnar Hall greiddi fallinn víxil með peningum án þess að fá nýtt víxillán til þess að greiða hinn fallna víxil, og voru þá áðurnefnd kjör á hinum nýja víxli.

Ákærði heldur því fram, að hann minnst þess ekki, að Gunnar minntist á það við sig, hvort Ragnar Blöndal h/f eða hann sjálfur væri seljandi víxlanna, en sjálfur kveðst hann hafa litið svo á, að Gunnar væri sjálfur seljandi sem útgefandi víxlanna, enda þótt ákærði áliti, að andvirði víxlanna mundi hann verja til vörukaupa fyrir Ragnar Blöndal h/f. Ákærði telur sig muna, að Gunnar hafi upphaflega viljað láta víxlana frá sér án áritaðs útgefanda, en það hafi ákærði talið hæpið og verr tryggt en vera skyldi, og hafi það því orðið úr, að Gunnar gaf þá út sjálfur.

Á síðara stigi rannsóknarinnar hélt ákærði því fram, að hann minntist þess ekki, að hann og Gunnar hefðu nokkurn tíma minnt á vexti eða lán í framangreindum viðskiptum. Heldur hann því fram, að um verðbréfakaup hafi verið að ræða, og taki lög nr. 73/1933 því eigi til viðskiptanna. Tilgangur Gunnars með viðskiptum þessum var að hans sögn sá að afla félaginu rekstrarfjár, og kveðst hann hafa talið sig fá féð að láni í formi víxlanna. Hefur hann nefnt víxla ákærða og fleiri aðilja svartamarkaðsvíxla og getið þess, að hlutaðeigendur, þ. á m. ákærði, hafi ætlazt til þess, að þeir væru hvergi „gefnir upp“, og hafi í því falizt, að þeir væru eigi færðir í bókhaldið og kæmust ekki til vitundar skattýfirvalda.

Að áliti dómsins var efni viðskipta ákærða og Gunnars það, að sá fyrrnefndi lánaði Ragnari Blöndal h/f féð gegn víxlunum með áðurnefndum kjörum, og þar sem ákærði var sjálfur lánveitandinn, átti hann eigi rétt á þóknun fyrir lánsútvegum, svo að endurgjaldið fyrir lánveitingarnar hefur verið 12% vextir í þrjá mánuði, sem svarar til 48% ársvaxta. Á þetta við um alla víxlana, sem taldir eru í ákæruskjalinu, I. til III. lið, og varðar þetta ákærða refsingu samkvæmt 3. gr., sbr. 6. gr., 2.

mgr., laga nr. 73/1933. Allur vafi um upphæð víxilsins, sem um ræðir í I. lið ákæruskjalsins, verður ákærða í hag, og verður við ákvörðun refsingarinnar gert ráð fyrir, að upphæð hans hafi verið kr. 10.000,00. Hefur ákærði því áskilið sér í vexti af víxillánunum kr. 47.005,60 fram yfir hina lögleyfðu 8% vexti, sbr. 3. gr. laga nr. 73/1933.

Í skuldaskilum Ragnars Blöndals h/f, sem áður eru nefnd og fram fóru fyrri hluta árs 1955, lýsti ákærði víxilkröfum sínum á hendur félaginu, samtals kr. 234.528,00 (sbr. ákærulið nr. III). Samkvæmt samkomulaginu um fullnaðargreiðslu með 60% upphæðarinnar fékk hann greiddar kr. 140.716,80, en eftirgjöf nam kr. 93.811,20. Í innheimtulaun fékk ákærði greiddar kr. 5.996,50 með samkomulagi við Ólaf Þorgrímsson hrl., sem annaðist skuldaskilin. Samkvæmt upplýsingum hins síðarnefnda voru lögmönnum greidd innheimtulaun af þeim kröfum, sem þeir lýstu í skuldaskilin, ákærða eins og öðrum, og gekk hæstaréttarlögmaðurinn út frá því, að þeir væru umboðsmenn kröfuhafanna. Hvorki hæstaréttarlögmaðurinn né ákærði minnst þess, að til tals kæmi milli þeirra, hvort ákærði væri eigandi víxlanna eða ekki.

Telja verður, að innheimtulaun þessi séu annars eðlis en vextir þeir eða endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar, sem um ræðir í 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933, og að ákvæði þessi taki ekki til þeirra. Ber því að sýkna ákærða af ákærunni um töku þeirra.

Refsing ákærða fyrir brot þau gegn lögum nr. 73/1933, sem að framan eru rakin, þykir hæfilega ákveðin kr. 188.100,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í eitt ár í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Valdimar Stefánsson sakadómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Ólafsson, greiði kr. 188.100,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í eitt ár í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægt með aðför að lögum.